



Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykshólahrepps
mánudaginn 10. september 2012, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Herdís Matthíasdóttir og Egill Sigurgeirsson. Einnig sat fundinn Bogi Kristinsson skipulags og byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundargesti velkomna og gengið var til dagskrár fundarins.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1106002 – Breyting á aðalskipulagi 2006-2018 vegna deiliskipulags Þórisstöðum.

Leiðrétt gögn liggja fyrir. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja aðalskipulagstillöguna, breytingu á Aðalskipulagi Reykshólahrepps 2006 – 2018 vegna deiliskipulags Þórisstaða. Samþykkt samhljóða.

2. 1209002 – Hergisley 139580, Friðlýsing æðarvarps.

Erindi frá Sýslumanninum á Patreksfirði dagsett 19. júlí 2012.

Afgreiðslu frestað, skipulagsfulltrúa falið að kanna málið fyrir næsta fund.

3. 1209008 – Reykjabraut 4, 139726, Reykjabraut 8, 139732 lóðarleigusamningur.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að gengið verði frá lóðarleigusamningum vegna Reykjarbrautar 4 og 8. Samþykkt samhljóða.

4. 1112016 – Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.

Ný drög að áætlun lögð fram. Sveitarstjóra falið að klára frágang og leggja fram fullgerða áætlun fyrir næsta fund. Samþykkt samhljóða.

5. 1209003 – Kvörtun vegna flugs yfir Kinnarstaði.

Erindi frá Lagabingi dagsett 29. ágúst 2012.

Lögfræðingi sveitarfélagsins falið að svara kvörtuninni í samráði við byggingafulltrúa og sveitarstjóra. Samþykkt samhljóða.

6. 1209009 – Búfjarsamþykkt fyrir Reykshólahrepp.

Málinu vísað frá hreppsnefnd til skipulags- og byggingarnefndar sem fer með málefni landbúnaðar.

Formanni falið að vinna drög að samþykkt um búfjárhald fyrir Reykshólahrepp. Samþykkt samhljóða.

7. 1209011 – Gjaldskrá vegna gatnagerðagjalda í Reykshólahreppi.

Nefndin óskar heimildar sveitarstjórnar til að vinna að gerð gatnagerðargjaldskrár fyrir Reykshólahrepp.

Mál til kynningar:

- 8. 1201002 – Reykhólahöfn 219869, byggingalóð Bátasafn.**
Ný tillaga.

Kynnt.

- 9. 1209010 – Framlenging B- gatnagerðargjalds.**
Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 31. ágúst 2012.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

- 10. Suðurbraut 6, 139736. Breyting á skráningu lóðar.**

Suðurbraut 6 lóð er stofnuð lóð undir sorpsvæðið á Reykhólum, var hún misráð nr. 6 við stofnun hennar. Byggingafulltrúa falið að ganga frá leiðréttingu á þann veg að lóðin verði nr. 10 við Suðurbraut, samkvæm skipulagi frá Fjarhitun dagsett 29. 8 1985.

Fundi slitið kl. 12.23

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |